

# ÁKLASINN



## Ársreikningur 2022

**Ákklasin 521015-0120**

[alklasinn@taeknisetur.is](mailto:alklasinn@taeknisetur.is)

[www.alklasinn.is](http://www.alklasinn.is)

+354 898 9907

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

# EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra _____	1
Almennt _____	1
Stjórn Ákklasans _____	1
Fjárhagsleg staða _____	2
Það helsta á starfsári 2022 _____	2
Framundan _____	2
Rekstrarreikningur _____	4
Efnahagsreikningur _____	5
Sjóðstreymi _____	6
Áritun óháðs skoðunarmanns _____	7

# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

## Almennt

Árið 2022 var áttunda starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2021 var haldinn 23. júní og var á þeim fundi samþykkt að hækka klasagjöld um sem nemur vísitöluhækkun, eða 8.5% og halda siðareglum óbreyttum. Á starfsári 2022 voru 32 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, kísilver og álver. Þá er klasinn með svokallaða álsprotu aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, [www.alklasinn.is](http://www.alklasinn.is).

## Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Pétur Blöndal, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

María Kristmundsdóttir (Alcoa Fjarðarál), Skúli Björn Jónsson (Efla verkfræðistofa), Arnar Guðmundsson (HD), Brynja Silness (Kratus/Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Mannvit), Finnur Marinó Flosason (Norðurál), Arthur Guðmundsson (Rio Tinto Alcan), Lárus Ólafsson (Samtök iðnaðarins)

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Dagur Ingi Ólafsson

## Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða Álklasans hefur verið nokkuð stöðug frá stofnun klasans árið 2015. Hefðbundin klasagjöld standa undir fastakostnaði en klasinn reiðir sig á styrki og stuðning frá samstarfsaðilum til þess að styðja við viðburði og sértæk verkefni.

Góð reynsla hefur gefist af viðtöku Tækniseturs á þjónustusamningi Álklasans við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem fór fram 2021. Framkvæmdarstjórn klasans tók ekki breytingum við yfirfærslu á þjónustusamningnum og þar með viðhélst sú þekking og reynsla sem byggst hefur upp frá stofnun klasans. Litlar breytingar á rekstrarkostnaði hafa átt sér stað með þessari tilfærslu. Rekstrarafkoma ársins var í ár jákvæð, og ræðst breytingin einna helst af lækun á síma- og internetskostnaði, sem lækkaði töluvert. Eigið fé klasans jókst því og er fjárhagsleg staða Álklasans sterk í lok árs 2022.

## Það helsta á starfsári 2022

Verkefni klasans á árinu 2022 mörkuðust nokkuð minna af þeim takmörkunum sem heimsfaraldur Covid-19 hafði í för með sér, enda hafði tíðni takmarkana lækkað töluvert. Nýsköpunarmót Álklasans 2022 var haldið með hefðbundnum hætti í aðalbyggingu Háskóla Íslands, miðvikudaginn 30. mars. Þar voru fjölmörg áhugaverð verkefni kynnt ásamt því að hvatningarviðurkenningar voru veittar nemendum fjögurra verkefna sem skáru fram úr á árinu. Tvö verkefni frá Háskólanum í Reykjavík hlutu verkefni og tvö verkefni sem hlutu viðurkenningu voru unnin hjá Háskóla Íslands. Engin árleg haustferð átti sér stað á árinu, meðal annars vegna óvissu í takmörkunum vegna faraldursins. Hefðbundinn jólafundur fór fram í sal Tækniseturs 13. Desember, þar sem á dagskrá voru ýmsar fréttir frá fyrirtækjum ásamt örkyrningum, smákökum og netagerð.

## Framundan

Gróskan í þróunum álsprotta eins og DTE, Álvit, Gerosion, Arctus Aluminium og Alor heldur áfram, en þessir sprotar hafa og verða mjög sýnilegir í rannsóknarsamfélaginu. Þessir sprotar hafa verið mjög framsæknir og ýmis rannsóknarverkefni á þeirra vegum hafa komist á laggirnar. Meðal annars fengu Álvit styrk fyrir þróun umhverfisvæns kragasalla og arftaka koltjörbiks og DTE styrk fyrir þróun á ljóssíu fyrir litrófsgreiningu, en bæði verkefni

voru styrkt af Tækniþróunarsjóði. Ýmsar rannsóknir eru í gangi innan Háskólanna. Háskóli Íslands stendur í rannsóknum á Álraflöðum í samstarfi við Alor ásamt því að þróa aðferðir til þess að auka endurvinnslu áls í heiminum. Háskólinn í Reykjavík hefur og heldur áfram að reynast mikilvægur samstarfsaðili fyrir rannsóknir á eðalskautum Arctus Aluminium ásamt því að vera leiðandi í bestunum ýmissa ferla í ál- og kísiliðnaði.

Tæknisetur hefur haldið áfram uppbyggingu sinni á innviðum og sérhæfingu til þess að búa sem best undir þá álsprotu sem hafa verið að spretta upp í nýsköpunarsamfélaginu í Keldnaholti. Í gegnum innviðasjóð Rannís fór fram mikilvæg innviðaupbygging á sviði áltengdrar efnistækni. Frumefnagreinir, hanskabox til efnameðhöndlunar og straummælir til rannsókna á ragreiningarferlum voru keyptir með stuðningi innviðasjóðs ásamt þrívíddarmálmprentara, sem meðal annars getur prentað hluti úr áli.

Reykjavík

Framkvæmdarstjóri:

Stjórn:

# REKSTRARREIKNINGUR

<b>Tekjur:</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>
Árgjald Álklasans.....		7.586.500	6.447.000
Árgjald Álklasans v/ stjórnarseta.....		980.000	900.000
Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum.....		750.000	650.000
Vaxtatekjur.....		25.908	12.066
<b>Tekjur alls</b>		<u>9.342.408</u>	<u>8.009.066</u>
 <b>Rekstrargjöld:</b>		<b>2022</b>	<b>2021</b>
Fundir og mannfagnaðir.....		70.510	53.195
Gjafir og viðurkenningar.....		0	16.730
Sími og Internet / ..... 1		143.953	344.141
Sérfræðipjónusta NMI / Tæknisetur ehf.....		7.973.028	7.988.728
Bókhald og skoðunarmenn.....		16.000	
Annar kostnaður.....		18.732	5.682
Hvatningaverðlaun.....		631.110	750.000
<b>Rekstrargjöld</b>		<u>8.853.333</u>	<u>9.158.476</u>
Niðurfærsla Viðskiptakrafna.....		<u>8.853.333</u>	<u>9.158.476</u>
 <b>Rekstrarafkoma ársins .....</b>		<u>489.075</u>	<u>( 1.149.410)</u>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Eignir:

	Skýr.	2022	2021
Handbært fé:			
Viðskiptakröfur.....	2	118.000	
Handbært fé.....		6.433.548	4.069.291
<b>Veltufjármunir</b>		<u>6.551.548</u>	<u>4.069.291</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>6.551.548</u>	<u>4.069.291</u>

## Skuldir og eigið fé:

### Eigið fé:

Eigið fé .....		( 4.558.366)	( 4.069.291)
<b>Eigið fé</b>		<u>( 4.558.366)</u>	<u>( 4.069.291)</u>

### Skammtímaskuldir

Ógeiddur kostnaður.....	3	1.993.182	0
<b>Skuldir</b>		<u>1.993.182</u>	<u>0</u>

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>( 6.551.548)</u>	<u>( 4.069.291)</u>
------------------------------------	--	---------------------	---------------------

# SJÓÐSTREYMI

Veltufé frá rekstri	Skýr.	2022	2021
Hagnaður ársins .....		489.075	( 1.149.410)
<i>Veltufé (Hagnaður ) frá rekstri</i>		<u>489.075</u>	<u>( 1.149.410)</u>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	(	118.000)	( 264.000)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....		1.993.182	
<i>Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum</i>		<u>1.875.182</u>	<u>( 264.000)</u>
<i>Handbært fé frá rekstri</i>	(	<u>2.364.257)</u>	<u>1.413.410</u>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		2.364.257	( 1.413.410)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>4.069.291</u>	<u>5.482.701</u>
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		<u><u>6.433.548</u></u>	<u><u>4.069.291</u></u>



# ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Ég undirrituð skoðunarmaður Ákklasans félagasamtaka kt. 521015-0120 hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2022.

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmi og skoðað fylgigögn með bókhaldi.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins 31.12.2022

Rannveig Lena Gísladóttir

Rannveig Lena Gísladóttir

Viðskiptafræðingur og viðurkenndur bókari

Kt. 160575-3609